



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 15/2014

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion banka hf.
2. Deloitte
3. Félagi um innri endurskoðun
4. Landsbréfum hf.
5. Okkar líftryggingum
6. Vátryggingafélagi Íslands
7. Viðlagatryggingu Íslands

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 15/2014 varð að leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2015 um starfsemi vísitölusjóða og kauphallarsjóða (UCITS ETF)

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1.	Deloitte	Almenn athugasemd	<p>Deloitte bendir FME á að alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun eru nú til í íslenskri þýðingu (https://na.theiia.org/standards-guidance/Public%20Documents/IPPF%202013%20Icelandic.pdf) og að skoða þurfi orðalag í einstökum greinum með tilliti til þess að miðað sé við nýjustu útgáfu á íslensku. Deloitte bendir FME einnig á að í núverandi drögum að leiðbeinandi tilmælum er ýmist talað um "ber að", "skal" eða "ætti að". Þetta orðalag þarf að samræma og bera saman við alþjóðlegu staðlana um innri endurskoðun þar sem stundum er talað um að innri endurskoðandi eða stjórn "skuli" (e. must) og stundum "ætti að" (e. should). Við teljum að samræmi eigi að vera við það orðalag í stöðlunum að þessu leyti. Að lokum vill Deloitte nefna að okkur er kunnugt um að Félag um innri endurskoðun hefur skilað inn athugasemdum um þessi drög, þar koma fram góðar athugasemdir sem við sjáum ekki ástæðu til að endurtaka hér heldur leggjum áherslu á að koma með athugasemdir þar sem okkur finnst þurfa viðbætur við eða viljum gera aðrar athugasemdir.</p>
2	Félag um innri endurskoðun	Almenn athugasemd	<p>Í umsögn þessari þýðir tilvísun til "staðlanna" eða "staðals" ýmist almenna vísun í alþjóðlega staðla um innri endurskoðun ("International Professional Practices Framework") útgefnum af alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (The Institute of Internal Auditors) eða í einstaka nánar tilgreinda hluta þeirra. Athygli er vakin á því að staðlarnir eru fáanlegir í íslenskri þýðingu, en nógildandi útgáfa tók gildi í janúar 2013. Félag um innri endurskoðun fagnar því að vísað skuli í alþjóðlega staðla um innri endurskoðun og til alþjóðlega viðurkenndrar fagvottunar á sviði innri endurskoðunar ("Certified Internal Auditor"), enda er um mikilvæg viðmið að ræða til að tryggja faglega framkvæmd innri endurskoðunar.</p> <p>Leiðbeinandi tilmæli af þessum toga eru mikilvægur þáttur í að tryggja tilvist og skilgreina hlutverk innri endurskoðunar í váttryggingafélögum. Við setningu slíkra tilmæla er jafnframt mikilvægt að gæta samræmis í kröfum til þessarar starfsemi milli mismunandi tegunda eftirlitsskyldra aðila að teknu tilliti til umfangs og eðlis starfsemi hinna eftirlitsskyldu aðila.</p>
3	Viðlagatrygging Íslands	Almenn athugasemd	<p>Tilmælin ná til innri endurskoðunar og sjálfstætt starfandi utanaðkomandi aðila sem sinna innri endurskoðun váttryggingarfélaga skv. gr. 1.1.</p> <p>Tilmælin sjálf eru þó mjög sniðin að því fyrirkomulagi að innri endurskoðunardeild sé starfrækt innan fyrirtækisins og taka nánast öll ákvæði tilmællanna mið af því, án þess að vísað sé til þess að önnur ákvæði eigi við ef innri endurskoðun er útvistað. Sérstök leiðbeinandi tilmæli eru til um útvistun innri endurskoðunar fjármálafyrirtækja (nr. 2/2011) en skv. upplýsingum frá FME ná þau ekki utan um starfsemi váttryggingafélaga. Almenn skortir á í tilmælunum að tekið sé mið af þörfum þeirra fyrirtækja sem útvista innri endurskoðun.</p>

			Hlutverk endurskoðunarnefndar gagnvart innri endurskoðanda er ekki mikið skv. þessum tilmælum. Æskilegt að skilgreina það nánar, t.d. hvort ekki ætti að vera nægjanlegt að leggja endurskoðunaráætlun til samþykktar fyrir endurskoðunarnefnd sem síðan sendir álit sitt í formi fundargerða til stjórnar í stað þess að stjórn skuli samþykkja endurskoðunaráætlun sbr. gr. 6.1., þar sem stjórn hefur þegar framselt skyldur og ábyrgð varðandi þennan þátt til endurskoðunarnefndar.
4	Okkar líftryggingar	Almenn athugasemd	Tilmæli þessi eiga heita leiðbeinandi tilmæli um endurskoðun váttryggingafélaga. Vantar að skilgreina betur hvað átt er við með t.d. "samstæðu" í þessum tilmælum. OKKAR líftryggingar sem dæmi partur af samstæðu þótt það sé ekki partur af samstæðu eins og flest önnur váttryggingafélög á markaði þ.e. líf- og skaðasamstæðu. Dæmi er í t.d. ákvæði 2.3 en þar segir að nægilegt sé að endurskoðunarstefna sé til fyrir samstæðuna. Erfitt að átta sig á hvort þá í okkar tilfelli t.d. það sé nægilegt að til sé endurskoðunarstefna hjá Arion banka í ljósi þess að við erum hluti af þeirri samstæðu eða hvað átt er við?. Ef samstæða nær yfir þá t.d. Arion banka þá er óeðlilegt að ekki sé sambærileg krafa í leiðbeinandi tilmælum nr.3/2008 um að til staðar þurfi að vera endurskoðunarstefna en þar er ekki gerð slík krafa. Vantar umfjöllun í þessi tilmæli um tengslin við ákvæði 54.gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfssemi þar sem m.a. er fjallað um skyldu stjórnar til að setja reglur um innri endurskoðun-slíkar reglur ættu að taka mið af þessum leiðbeinandi tilmælum eða er gert ráð fyrir að stefna um innri endurskoðun taki yfir fyrrgreindar reglur??? Það þarf þá einnig að koma fram enda ganga lög annars framur tilmælum.
5	Félag um innri endurskoðun	1.2	Þessi texti er í samræmi við fyrri hluta skilgreiningar staðlanna á hugtakinu innri endurskoðun.
6	Félag um innri endurskoðun	1.3	Textinn í þessari grein umræðuskjalsins er líklega að stofni til fenginn úr eldri þýðingu á skilgreiningu á hugtakinu innri endurskoðun. Heppilegra væri að samræma þennan texta gildandi skilgreiningu úr stöðlunum (seinni hluta): "Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttar og stuðlar þannig að því að fyrirtæki[ð] nái markmiðum sínum."
7	Arion Banki	1.3	Fyrsta setningin í þessum lið byrjar svona "Innri endurskoðun er ætlað að leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar.....". Lagt er til að setningin hljóði svo: Innri endurskoðun er ætlað að leggja mat á og þannig bæta virkni áhættustýringar..... Eins og orðanna hjóðan er nú mætti ætla að innri endurskoðun ætti að bæta virknina með beinum inngrípum og taka þannig ábyrgð á gæðum innra eftirlits.
8	Félag um innri endurskoðun	2.1	Staðall nr. 2070 fjallar sérstaklega um ytri þjónustuaðila og leggur áherslu á að hann geri fyrirtækinu ljóst að fyrirtækið beri ábyrgð á því að viðhalda virkri innri endurskoðun. Þetta felur í sér að útivistun innri endurskoðunar til þjónustuaðila kemur félaginu ekki undan ábyrgð á virkni hennar. Grein 2.1 í umræðuskjalinu mætti etv. gera skýrari hvað þessa ábyrgð varðar, t.d. með viðbótinni "og á það einnig

		<p>við í þeim tilfellum sem ákvörðun er tekin um að útvista innri endurskoðun til þar til bærra þjónustuaðila."</p> <p>Í tilmælum Basel nefndarinnar um bankaeftirlit (sem m.a. er vísað til í inngangi umræðuskjalsins) er sérstaklega fjallað um útvistun innri endurskoðunar og ábyrgð stjórnar:</p> <p>"7. Outsourcing of internal audit activities</p> <p>Principle 15: Regardless of whether internal audit activities are outsourced, the board of directors remains ultimately responsible for the internal audit function.</p> <p>66. It is recommended that large banks and internationally active banks perform internal audit activities using their own staff. However, outsourcing of internal audit activities, but not the function, on a limited and targeted basis can bring benefits to banks such as access to specialised expertise and knowledge for an internal audit engagement where the expertise is not available within the internal audit function. Outsourcing could also alleviate temporary resourcing constraints which might otherwise jeopardise the execution of the audit plan. Banks should be able to explain the reasons for outsourcing specific internal audit activities.</p> <p>67. The head of internal audit should ensure that outsourcing suppliers comply with the principles of the bank's internal audit charter. To preserve independence, it is important to ensure that the supplier has not been previously engaged in a consulting engagement in the same area within the bank unless a reasonably long "cooling-off" period has elapsed. Subsequently, those experts who participated in an internal audit engagement should not provide consulting services to a function of the bank they recently audited. Additionally, as a sound practice, banks should not outsource internal audit activities to their own external audit firm.</p> <p>68. The head of internal audit should ensure that, whenever practical, the relevant knowledge input from an expert is assimilated into the organisation. This may be possible by having one or more members of the bank's internal audit staff participate in the external expert's work."</p> <p>Grein 2.2.1 ætti einnig að skoðast með hliðsjón af stöðlunum, einkum staðla nr. 1000, 1100, 1110, 1110.A1, 1120, 1130, 1130.A1, 1130.A2, 1130.C1 og 1130.C2. Ákvæði greina 2.2.2 og 2.2.3 í umræðuskjalinu virðast hinsvegar vera "sér-íslensk". Varðandi síðarnefnda ákvæðið er sérstaklega bent á að það gæti mögulega valdið árekstrum við staðal nr. 2030 um stjórnun auðlinda.</p>
9	Vátryggingafélag Íslands hf.	2.1 Legg til breytt orðalag sem mér finnst lýsa betur ábyrgð stjórnar: "Stjórn viðkomandi vátryggingafélags ber ábyrgð á að fullnægjandi skipulag og stefna um innri endurskoðun sé ávallt til staðar"

10	Félag um innri endurskoðun	2.2	<p>greinum 2.2 - 2.4 í umræðuskjalinu er notað hugtakið "innri endurskoðunarstefna" líkt og vísað er til í leiðbeiningu 36 í EIOPA Guidelines on System of Governance (Guideline 36 - Internal audit Policy). Orðalag í umræðuskjalinu er þó ekki í fullu samræmi við framsetningu fyrrnefndra leiðbeininga.</p> <p>Það þarf að vera skýrt í tilmælunum hver munurinn er á innihaldi stefnu um innri endurskoðun og erindisbréfi sbr. gr. 2.6 í umræðuskjalinu. Stefnan gæti t.d. verið almennt orðuð og kveðið á um að til staðar sé öflug innri endurskoðun í félaginu. Til dæmis ætti að vera í stefnu um innri endurskoðun að hlutverk innri endurskoðunar sé skýrt afmarkað með erindisbréfi (frekar en að endurtaka atriði úr erindisbréfinu inni í stfnunni eins og hér virðist vera gert ráð fyrir). Hinsvegar gæti vel komið til greina að sameina þessi skjöl í eitt skjal, en það myndi auðvelda uppfærslu og tryggja aðgengileika.</p> <p>Staðlarnir gera ráð fyrir að stjórn samþykki erindisbréf, sem tekur m.a. á þeim atriðum sem rætt er um í þessum greinum. Hætta er á að orðalagið eins og það birtist í umræðuskjalinu geti valdið ruglingi og því heppilegra að það verði endurskoðað að þessu leyti með hliðsjón af stöðlum nr. 1000, 1000.A1 og 1000.C1 og ákvæðum leiðbeiningar nr. 36 í EIOPA Guidelines on System of Governance (tl. 1.71.).</p>
11	Deloitte	2.2.	<p>Gera þarf skýran greinarmun á því hvaða atriði koma fram í "stefnu um innri endurskoðun" sbr. gr. 2.2.-2.4. og í "erindisbréfi" sbr. gr. 2.5.-6 meðal annars til að sömu atriði séu ekki að koma fyrir á tveimur stöðum, sem getur valdið ruglingi við notkun. Í reglum EIOPA frá 2013 "Guidelines of systems of governance", Guideline 9, kemur fram að fram komi markmið með stefnunni, ábyrgðaraðili, verkefni, verkferlar og skýrslugjöf. Atriði sem koma fram í núverandi 2.2.1, 2.2.2 og 2.2.3 virðast okkur ekki uppfylla þessi skilyrði heldur frekar vera hluti af þeim atriðum sem eiga að koma fram í "erindisbréfi", sjá lið 2.5. Í lið 2.2.3 eins og það lítur út núna er verið að tala um til hvaða aðgerða skuli gripið ef koma upp aðstæður sem ógna óhæði innri endurskoðandanda, en við teljum að slíkt ætti að koma fram í stað núverandi texta í lið 2.2.3. ef þetta atriði á heima í innri endurskoðunarstefnu á annað borð. Að lokum vill Deloitte benda á að það gæti verið góð lausn að sameina stefnu um innri endurskoðun (sbr. 2.2-4) og erindisbréf (sbr. 2.5-6) í eitt skjal, frekar en að vera með tvö skjöl sem eru að einhverju leyti endurtekning á sama efninu.</p>
12	Viðlagatrygging Íslands	2.2	<p>Í stað "innri endurskoðunarstefnu" komi "stefnuskjal". Stefna varðandi innri endurskoðun kemur fram í stefnum stjórnar, áhættustýringarstefnum og mögulega víðar hjá sumum fyrirtækjum og ekki nauðsynlegt að sérstök stefna sé sett um innri endurskoðun, svo fremi að nægilega skýrt sé tekið á öllum þáttum í öðrum stefnuskjöllum fyrirtækjanna. Heimild ætti að vera fyrir því að "Innri endurskoðunarstefna" sé hluti af öðrum gæðaskjöllum t.d. áhættustýringarstefnu. Þeir efnisliðir sem fram koma í liðum 2.2.1, 2.2.2 og 2.2.3 eru að auki ekki taldir til stefnumarkandi þátta.</p>
13	Okkar lífryggingar	2.2	<p>Stjórn váttryggingafélags skal samþykkja endurskoðunarstefnu. Stangast á við það sem kemur fram í 2.3 þar sem segir að sé félagið hluti af samstæðu skuli endurskoðunarstefna ná til samstæðunnar í heild. Einnig vísað til almennra athugasemda, hvað er átt við með "samstæðu" í þessum tilmælum. Í lið 2.2.2 Er fjallað um m.a. hvað æskilegt sé að komi fram í endurskoðunarstefnu ef ætlunin er að gera</p>

			eina stefnu fyrir alla "samstæðuna" er óvíst að innri reglur og verkferlar varðandi upplýsingagjöf til FME séu þær sömu hjá móður- og dótturfélagi munurinn getur m.a. falist í mismunandi lagaskildum þegar annars vegar er um að ræða banki og hins vegar váttryggingafélag.
14	Okkar lífryggingar	2.3	Sama og nr. 2.2 og tengist til viðbótar má benda á að óskýrt er þá hvort það er stjórn hvers félags í samstöðunni sem ber ábyrgð á því að endurskoðunarstefna sé til staðar?. Einnig rétt að benda á það að í tilmælum nr. 3/2008 um innri endurskoðun fjármálafyrirtækja er ekki gerð krafa um endurskoðunarstefnu. Mikilvægt að samræma reglur sem gilda um innri endurskoðun á fjármálamarkaði.
15	Félag um innri endurskoðun	2.3	<p>Í greinum 2.2 - 2.4 í umræðuskjalinu er notað hugtakið "innri endurskoðunarstefna" - sjá nánar ábendingar í lið 2.2.</p> <p>Grein 2.3 í umræðuskjalinu snýr sérstaklega að ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu, en þar er orðalag að nokkru leyti annað en fram kemur í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2008, en þar segir m.a.: "Allar starfseiningar og dótturfélög viðkomandi fjármálafyrirtækis ættu eftir því sem unnt er að falla undir starfssvið endurskoðunardeildar. Hið sama á við um útivistuð verkefni fjármálafyrirtækis. Stjórn ber að rökstyðja það sérstaklega að hafa annan hátt á." EIOPA Guidelines on System of Governance, tl. 1.72 fjallar um þetta atriði. Lýsingar þar eru hinsvegar ekki nærri eins ýtarlegar og tilmæli Basel nefndar um bankaeftirlit. Í tilmælum Basel nefndarinnar um bankaeftirlit (sem Fjármálaeftirlitið vísar m.a. til í inngangi umræðuskjalsins) er sérstaklega fjallað um fyrirkomulag innri endurskoðunar þegar um er að ræða samstæðu félaga. Þar segir m.a.:</p> <p>"6. Internal audit within a group or holding company structure</p> <p>Principle 14: To facilitate a consistent approach to internal audit across all the banks within a banking organisation, the board of directors of each bank within a banking group or holding company structure should ensure that either:</p> <p>(i) the bank has its own internal audit function, which should be accountable to the bank's board and should report to the banking group or holding company's head of internal audit; or</p> <p>(ii) the banking group or holding company's internal audit function performs internal audit activities of sufficient scope at the bank to enable the board to satisfy its fiduciary and legal responsibilities.</p> <p>62. The board of directors of each bank in a group or holding company structure remains responsible for ensuring that the bank's senior management establishes and maintains an adequate, effective and efficient internal control system and processes. The board also should ensure that internal audit activities are conducted effectively at the bank according to the principles of this document. The internal auditors who perform the internal audit work at the bank should report to the bank's audit committee, or its equivalent, and to the group or holding company's head of internal audit.</p>

		<p>63. The board of directors and senior management of the parent company have the overall responsibility for ensuring that an adequate and effective internal audit function is established across the banking organisation and for ensuring that internal audit policies and mechanisms are appropriate to the structure, business activities and risks of all of the components of the group or holding company.</p> <p>64. The head of internal audit at the level of the parent company should define the group or holding company's internal audit strategy, determine the organisation of the internal audit function both at the parent and subsidiary bank levels (in consultation with these entities' respective boards of directors and in accordance with local laws) and formulate the internal audit principles, which include the audit methodology and quality assurance measures.</p> <p>65. The group or holding company's internal audit function should determine the audit scope for the banking organisation. In doing so, it should comply with local legal and regulatory provisions and incorporate local knowledge and experience.</p> <p>7. Outsourcing of internal audit activities</p> <p>Principle 15: Regardless of whether internal audit activities are outsourced, the board of directors remains ultimately responsible for the internal audit function.</p> <p>66. It is recommended that large banks and internationally active banks perform internal audit activities using their own staff. However, outsourcing of internal audit activities, but not the function, on a limited and targeted basis can bring benefits to banks such as access to specialised expertise and knowledge for an internal audit engagement where the expertise is not available within the internal audit function. Outsourcing could also alleviate temporary resourcing constraints which might otherwise jeopardise the execution of the audit plan. Banks should be able to explain the reasons for outsourcing specific internal audit activities.</p> <p>67. The head of internal audit should ensure that outsourcing suppliers comply with the principles of the bank's internal audit charter. To preserve independence, it is important to ensure that the supplier has not been previously engaged in a consulting engagement in the same area within the bank unless a reasonably long "cooling-off" period has elapsed. Subsequently, those experts who participated in an internal audit engagement should not provide consulting services to a function of the bank they recently audited. Additionally, as a sound practice, banks should not outsource internal audit activities to their own external audit firm.</p> <p>68. The head of internal audit should ensure that, whenever practical, the relevant knowledge input</p>
--	--	--

			<p>from an expert is assimilated into the organisation. This may be possible by having one or more members of the bank's internal audit staff participate in the external expert's work."</p> <p>Hér er um að ræða mikilvægar leiðbeiningar sem miða sérstaklega að því að enginn þáttur starfseminnar verði undanskilinn fullnægjandi eftirliti innri endurskoðunar hvort sem hún er framkvæmd af starfsmönnum fyrirtækisins eða þar til bærum þjónustuaðila.</p>
16	Félag um innri endurskoðun	2.4	Engar athugasemdir - sjá þó umfjöllun um gr. 2.2
17	Viðlagatrygging Íslands	2.4	"Stefnuskjal" í stað "innri endurskoðunarstefnu"
18	Okkar líftryggingar	2.4	"öllum innan félagsins" hentugra orðalag væri "starfsmönnum félagsins".
19	Okkar líftryggingar hf	2.5	Hér er talað um stjórn hvers félags. Er gert ráð fyrir þá erindsibréfi hvers félags í samsteypu eða er nægilegt að stjórn móðurfélags geri erindisbréf fyrir hönd samsteypunnar? Eins og tíðkast hefur hingað til og FME hefur hingað til talið duga? Sjá einnig 4.2.
20	Vátryggingafélag Íslands hf.	2.5	Legg til að talað sé um starfsemi innri endurskoðunar í stað innri endurskoðanda
21	Félag um innri endurskoðun	2.5	Hér færi líklega betur á að tala um "starfsemi innri endurskoðunar" í stað "innri endurskoðanda", en nánar er vísað til innri endurskoðanda í gr. 2.6 í umræðuskjalinu.
22	Viðlagatrygging Íslands	2.5	Kröfur til innri endurskoðanda ættu að hafa komið fram í stefnuskjalinu sem sett er um innri endurskoðunina. Því ætti ekki að þurfa sérstakt erindisbréf ef þjónusta IE er útvistuð, þá er gerður samningur sem lýsir kröfum til IE. Setja mætti kröfulýsingu um það sem þarf að koma fram í samningi við IE ef þjónustan er útvistuð.
23	Vátryggingafélag Íslands hf.	2.6	Er ekki átt við kafla 5 í 2.6.4?
24	Félag um innri	2.6	Sjá einnig staðla nr. 1000-1111:

	endurskoðun	<p>1000 – Tilgangur, heimildir og ábyrgð</p> <p>Tilgangur, heimildir og ábyrgð innri endurskoðunar skal vera skilgreind með formlegum hætti í erindisbréfi innri endurskoðunar, í samræmi við skilgreiningu á innri endurskoðun, siðareglurnar og Staðlana. Yfirmaður innri endurskoðunar skal reglulega yfirfara erindisbréf innri endurskoðunar og leggja fyrir stjórnendur og stjórn fyrirtækis til samþykktar.</p> <p>Túlkun: Erindisbréf innri endurskoðunar er formlegt skjal sem skilgreinir tilgang innri endurskoðunar, heimildir og ábyrgð. Erindisbréf innri endurskoðunar staðfestir staðsetningu innri endurskoðunar í skipuriti fyrirtækisins, þ.m.t. eðli boðleiða milli yfirmanns innri endurskoðunar og stjórnar, veitir heimildir til aðgangs að gögnum, starfsmönnum og áþreifanlegum eignum sem máli skipta fyrir framkvæmd úttekta og skilgreinir umfang verkefna innri endurskoðunar. Staðfesting erindisbréfs innri endurskoðunar er í höndum stjórnar.</p> <p>1000.A1 – Eðli þeirrar staðfestingarvinnu sem innri endurskoðun er ætlað að inna af hendi skal koma fram í erindisbréfi innri endurskoðunar. Ef veita á ytri aðilum staðfestingar, skal einnig skilgreina eðli slíkra staðfestinga í erindisbréfi innri endurskoðunar.</p> <p>1000.C1 – Eðli ráðgjafarþjónustu skal vera skilgreint í erindisbréfi innri endurskoðunar.</p> <p>1010 – Viðurkenning á skilgreiningunni á innri endurskoðun, siðareglunum og stöðlunum í erindisbréfi innri endurskoðunar</p> <p>Ófrávíkjanleiki skilgreiningar á innri endurskoðun, siðareglunanna og Staðlanna verður að vera viðurkenndur í erindisbréfi innri endurskoðunar. Yfirmaður innri endurskoðunar ætti að ræða við stjórnendur og stjórn um skilgreiningu á innri endurskoðun, siðareglurnar og Staðlana.</p> <p>1100 – Óhæði og hlutlægni</p> <p>Innri endurskoðun skal vera óháð, og innri endurskoðendur verða að gæta hlutlægni í störfum sínum.</p> <p>Túlkun: Óhæði er að vera laus við aðstæður sem ógna getu innri endurskoðunar til að sinna skyldum innri endurskoðunar á óhlutdrægan hátt. Nægilegt óhæði, til að geta á áhrifaríkan hátt framfylgt starfskyldum innri endurskoðunar, felur í sér að yfirmaður innri endurskoðunar hafi milliliðalaus og óheftan aðgang að stjórnendum og stjórn. Þessu er hægt að ná fram með tvískiptum boðleiðum. Ef hætta er á að óhæði sé skert skal takast á við það varðandi viðkomandi innri endurskoðanda, úttekt, starfsemi eða skipulag.</p> <p>Hlutlægni er óhlutdrægt viðhorf sem gerir innri endurskoðendum kleift að framkvæma úttektir á þann hátt á þeir hafi trú á niðurstöðum vinnu sinnar og að málamiðlanir hafi ekki verið gerðar hvað varðar</p>
--	-------------	---

			<p>gæði. Hlutlægni gerir þá kröfu til innri endurskoðenda að þeir feli ekki öðrum að leggja mat á álitaefni fyrir sína hönd. Ef hætta er á að hlutlægni sé skert skal takast á við það varðandi viðkomandi innri endurskoðanda, úttekt, starfsemi eða skipulag.</p> <p>1110 – Stjórnskipulegt óhæði Yfirmaður innri endurskoðunar skal heyra undir stjórnskipulagsstig, sem gerir innri endurskoðun kleift að uppfylla skyldur sínar. Yfirmaður innri endurskoðunar skal eigi sjaldnar en árlega staðfesta við stjórnina stjórnskipulagslegt óhæði innri endurskoðunar.</p> <p>Túlkun: Stjórnskipulagslegu óhæði er náð þegar yfirmaður innri endurskoðunar hefur beinar starfslegar boðleiðir til stjórnar. Dæmi um slíkar boðleiðir eru þegar stjórn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Samþykkir erindisbréf innri endurskoðunar; • Samþykkir áhættumiðaða innri endurskoðunaráætlun; • Samþykkir rekstraráætlun innri endurskoðunar og auðlindaáætlun; • Fær upplýsingar frá yfirmanni innri endurskoðunar um árangur innri endurskoðunar miðað við áætlun hennar og önnur mál; • Samþykkir ákvarðanir um skipun og brottvikningu yfirmanns innri endurskoðunar; • Samþykkir starfskjör yfirmanns innri endurskoðunar; og • Beinir viðeigandi fyrirspurnum til stjórnenda og yfirmanns innri endurskoðunar til að ákvarða hvort til staðar séu óviðeigandi takmarkanir á umfangi eða auðlindum. <p>1110.A1 – Innri endurskoðunardeild skal vera laus við afskipti varðandi ákvörðun á umfangi innri endurskoðunar, framkvæmd verkefna, og miðlun niðurstaðna.</p> <p>1111 – Bein samskipti við stjórn Yfirmaður innri endurskoðunar skal miðla upplýsingum beint til stjórnar og vera í beinum samskiptum við hana.</p>
25	Viðlagatrygging Íslands	2.6	Mögulega ættu hæfiskröfur til IE heima í lið 2.6 sem myndi þá ná til samninga um útvistun frekar en erindisbréfs.
26	Deloitte	2.6	Í alþjóðlegum stöðlum 1000-1110 er nánar kveðið á um hvað skal vera í erindisbréfi (sjá slóð á alþjóðlega innri endurskoðunarstaðla sem kemur fram í Almennri umsögn Deloitte fremst í þessu eyðublaði). Deloitte telur að það ætti að vera ítarlegri umfjöllun í 2.6. um hvað eigi að vera í erindisbréfinu en nú er, til að tryggja sem best fylgni við ákvæði alþjóðlegu staðlanna.

27	Félag um innri endurskoðun	3.1	Engar athugasemdir - sjá staðal nr. 1110.
28	Deloitte	3.2	Ekki nota orðið "gæta hlutleysis" heldur "sýna hlutlægni" eða "taka hlutlæga afstöðu". Innri endurskoðandi þarf að taka afstöðu, hann er því ekki hlutlaus, en hann á að sýna hlutlægni í störfum sínum. Deloitte telur ekki nægilegt að það sé "reynt að tryggja að starfsmenn séu óháðir í reynd", heldur ætti orðalagið frekar að vera "skal tryggt að starfsmenn séu óháðir í reynd".
29	Félag um innri endurskoðun	3.2	Í grein 3.2 í umræðuskjalinu er talað um að "gæta hlutleysis". Í þýðingu staðlanna er markvisst notað orðalagið að "gæta hlutlægni í störfum sínum", sbr. staðal nr. 1100. Þykir það lýsa betur hlutverki innri endurskoðenda, sem er að komast að niðurstöðu byggðri á nægjanlegum, áreiðanlegum, viðeigandi og gagnlegum upplýsingum (sbr. staðal 2310 og 2320)
30	Vátryggingafélag Íslands hf.	3.2	[Legg til að orðið "reynt" í þriðju línu greinarinnar sé fellt út. Starfsmenn innri endurskoðunar eiga að vera óháðir í reynd.
31	Félag um innri endurskoðun	3.3	Engar athugasemdir - sjá staðal nr. 1120
32	Félag um innri endurskoðun	3.4	Engar athugasemdir - sjá staðal nr. 1100.
33	Okkar líftryggingar	3.5	Segir aðstoðar við nýjar ákvarðanir um nýjar aðferðir við innra eftirlit? Hætta á hagsmunaárekstrum aðstoða við ákvarðanir og endurskoða svo ferlin efitr á??? Erfitt að sjá hvernig innri endurskoðun getur veitt ráðgjöf öðru vísi en í formi athugasemda í skýrslum sínum.
34	Félag um innri endurskoðun	3.5	Orðalag í þessari grein umræðuskjalsins þarfnast endurskoðunar, s.s. orðalagið "...aðstoðar við ákvarðanir..." og "...kemur ekki að gerð innra eftirlitskerfis...", en mikilvægt er að gæta að óhæði innri endurskoðunar á sama tíma og eðlilegt er að nýta þá sérþekkingu sem þar er til staðar til ráðgjafar um það hvernig bæta megi áhættustýringu og innra eftirlit. Eins og orðalagið er nú er hætt við að það geti valdið misskilningi varðandi ábyrgð stjórnenda á innra eftirliti og áhættustýringu. Til hliðsjónar mætti t.d. líta til staðals nr. 2120.C3, en þar segir: 2120.C3 – Þegar innri endurskoðendur aðstoða stjórnendur við að koma á eða bæta áhættustýringu, skulu innri endurskoðendur forðast að taka á sig hvers konar stjórnunarlega ábyrgð á því að stýra áhættu.

35	Deloitte	3.5	Deloitte telur ekki gott orðalag að segja "aðstoðar við ákvarðanir um...innra eftirlit". Tryggt þarf að vera að innri endurskoðandi taki ekki rekstrarlegar ákvarðanir. Hann má hinsvegar koma með ráðleggingar um hvernig hægt sé að bæta innra eftirlit.
36	Félag um innri endurskoðun	3.6	Engar athugasemdir - sjá staðal nr. 1110.A1
37	Félag um innri endurskoðun	4.1	Þótt færa megi rök fyrir því að það leiði af ákvörðun stjórnar um ráðningu væri etv. rétt, til frekari áréttingar, að vísa einnig til þess að brottvikning innri endurskoðanda skuli samþykkt af stjórn (sbr. túlkun með staðli 1110).
38	Okkar líftryggingar	4.1	Óskýrt. Ert þá gert ráð fyrir að samningur sé milli stjórnar hvers félags og innri endurskoðunar? Eða er gert ráð fyrir að stjórn samþykki eða staðfesti samning við innri endurskoðanda. Er mögulega verið að færa of langt valdsvið stjórnar?
39	Félag um innri endurskoðun	4.2	Orðalag í þessari grein mætti laga lítillega, þar sem það hljómar undarlega að tala um "tilgang forstöðumanns innri endurskoðunar". Greinin er að vissu leyti endurtekning á atriðum úr kafla 2 í umræðuskjalinu. Sjá einnig staðla nr. 1000, 1000.A1 og 1000.C1.
40	Okkar líftryggingar	4.2	Sama athugasemd og í 2.5 sjá einnig almenna athugasemd- er það stjórn hvers félags í samsteypu?
41	Vátryggingafélag Íslands hf.	4.2	Legg til að upphaf greinarinnar sé "stjórn skal" í stað "stjórn ætti"]
40	Deloitte	4.2	Sjá almenna athugasemd fyrst
41	Félag um innri endurskoðun	4.3	Varðandi orðalag í fyrri hluta greinarinnar vísast í staðla 1210, 1210.A1, 1210.A2, 1210.A3 og 1210.C1. Félag um innri endurskoðun tekur heilshugar undir síðari hluta greinarinnar, einkum mikilvægi þess að forstöðumaður innri endurskoðunar hafi sýnt fram á þekkingu sína og hæfni með því að standast einu alþjóðlega viðurkenndu fagvottunina á þessu sviði, "Certified Internal Auditor".

42	Arion Banki	4.3	Í síðustu setningunni kemur fram að Fjármálefirlitið telji æskilegt að forstöðumaður hafi fagvottun og réttindi og nefnt er sem dæmi Certified Internal Auditor. Í fyrri setningunni er búið að gera kröfu um háskólapróf og reynslu. Með því að taka sérstaklega fram fagvottun er verið að þrengja sviðið töluvert og gæti verið túlkað þröngt. Það ætti þá etv. einnig að taka fram hvar hæfi löggiltra endurskoðenda er flokkað til að gegna starfi forstöðumanns, en þeirra menntun og starfsreynsla er oftar en ekki viðtæk bæði hvað varðar endurskoðun, reikningshald og rekstrarþekkingu.
43	Deloitte	4.3	Deloitte telur að ganga eigi lengra en gert er í þessum lið. Til að vera forstöðumaður innri endurskoðunar váttryggingafélags er nauðsynlegt að mati Deloitte að viðkomandi sé löggiltur endurskoðandi eða með fagvottun sem Certified Internal Auditor. Deloitte telur ekki rétt að nefna aðeins fagvottunina eins kemur fram í drögunum að sé "æskilegt", og bendir á það að löggiltir endurskoðendur hafa sérþekkingu á endurskoðun ekkert síður en fagvottaðir innri endurskoðendur. Deloitte bendir á að það að hafa "lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi" er óljóst ákvæði og mikilvægt til að tryggja gæði innri endurskoðunar váttryggingafélaga þannig að forstöðumaður innri endurskoðunar váttryggingafélaga hafi yfirburðsþekkingu á endurskoðun.
44	Váttryggingafélag Íslands hf.	4.4	Í 5. línu er talað um bankastarfsemi, er ekki átt við váttryggingastarfsemi?]
45	Deloitte	4.4	Hér er talað um "bankastarfsemi" en ætti að vera "váttryggingastarfsemi"
46	Félag um innri endurskoðun	4.4.	Engar athugasemdir - sjá staðla nr. 1210 og 1230.
47	Viðlagatrygging Íslands	4.4	Í stað "nýjustu aðferðum í endurskoðun og bankastarfsemi" komi "nýjustu aðferðum í endurskoðun og váttryggingastarfsemi" .
48	Félag um innri endurskoðun	4.5	Engar athugasemdir - sjá staðla nr. 1210 og 1230.
49	Félag um innri endurskoðun	4.6	Hugmyndin að baki þessu ákvæði er væntanlega að hlutfjáreign þessara starfsmanna geti leitt til hagsmunaárekstra. Þessi grein ætti þó etv. betur heima sem hluti af umfjöllun um launakjör almennt í viðeigandi reglum, sbr. reglur um kaupaukakerfi.

50	Félag um innri endurskoðun	4.7	Engar athugasemdir - mögulega ætti slíkur fundur þó ávallt að eiga sér stað við starfslok
51	Félag um innri endurskoðun	5.1	Engar athugasemdir - sjá staðla nr. 1000 og 1111
52	Okkar líftryggingar	5.1	Til þess að stjórn geti séð til þess að þessir þættir séu til staðar hlýtur stjórn að þurfa að kveða á um þessi atriði í samningi við innri endurskoðun. Hvergi er samt kveðið á um slíkan samning í þessum tilmælum. Sjá einnig 4.1. er venja að stjórn geri slíka samninga beint? Er ekki eðlilegra að hið eftirlitsskylda félag geri slíkan samning?
53	Félag um innri endurskoðun	5.4	Sjá athugasemdir undir tl. 2.3 - hér virðist í raun vera um tvítalningu að ræða í umræðuskjalinu
54	Deloitte	6.7	Hér ætti að vera tilvísun í áhættumat innri endurskoðanda þar sem ekki er víst að öll þau atriði sem talin eru upp í lið 6.7.1 - 6.7.14. skori hátt í áhættumati innri endurskoðanda ár hvert, sbr. 6.3. Innri endurskoðandi þarf að forgangsraða sbr. þær auðlindir sem hann hefur og þar af leiðandi er ekki víst að öllum liðum 6.7.1-14 verði gerð ítarleg skil árlega.
55	Deloitte	6.1	"árlega" ætti að breytast í "eigi sjaldnar en árlega"
56	Félag um innri endurskoðun	6.1	Hér er lagt upp með að endurskoðunaráætlun sé lögð fyrir árlega. Það hefur hinsvegar færst í vöxt að áætlanir séu endurskoðaðar oftari, einkum með tilliti til lifandi mats á áhættu. Við leggjum því til að orðalagið "...eigi sjaldnar en árlega..." verði notað í þessu samhengi. Sjá ennfremur staðla nr. 2010 og 2020.
57	Viðlagatrygging Íslands	6.1	Í stað "Forstöðumaður innri endurskoðunar ætti árlega að leggja fyrir stjórn" ætti að segja "Forstöðumaður innri endurskoðunar skal árlega leggja fyrir endurskoðunarnefnd" (lagt til að ekki sé gefinn kostur á því að stjórnin ein fái endurskoðunaráætlunina til samþykktar þar sem það gæti haft áhrif á störf IE ef stjórn myndi vilja beina sjónum IE frá mikilvægum þáttum vegna mögulegra veikleika í starfseminni.) Þetta er eitt af hlutverkum endurskoðunarnefndar skv. erindisbréfi hennar.
58	Vátryggingafélag Íslands hf.	6.1	[Legg til að nota orðið "skal" í stað "ætti" í fyrstu línu.
59	Félag um innri endurskoðun	6.2	Engar athugasemdir - sjá þó staðal nr. 2020.

60	Viðlagatrygging Íslands	6.2	Í stað stjórnar eða endurskoðunarnefndar ætti aðeins að standa "endurskoðunarnefndar" (sjá tilv. í 6.1)
61	Félag um innri endurskoðun	6.3	Engar athugasemdir - sjá þó staðal nr. 2010.
62	Landsbréf hf.	6.3	Ekki er hægt að leyfa einstökum hlutdeildarskírteinishöfum að selja hlutdeildarskírteini til sjóðsins þegar t.d. um markaðsröskun er að ræða. Vísitölusjóður er alltaf full fjárfestur réttum hlutföllum við samsetningu vísitölnunnar og getur því ekki greitt út reiðufé í slíkum tilfellum, nema að hlutföllin skerðist. Aðrir hlutdeildarskírteinishafar yrðu því verr settir. Möguleg lausn á þessum aðstæðum væri að afhenda hlutdeildarskírteinishafa undirliggjandi hlutabréf.
63	Landsbréf hf.	6.4	Athugasemd við þessa grein leiðir af athugasemd við grein 6.3.
64	Félag um innri endurskoðun	6.4	Engar athugasemdir - sjá þó staðal nr. 2060.
65	Viðlagatrygging Íslands	6.4	Í stað stjórnar og endurskoðunarnefndar ætti aðeins að standa "endurskoðunarnefndar" (sjá tilv. í 6.1)
66	Félag um innri endurskoðun	6.5	Orðalag í þessari grein ætti að gera skýran greinarmun annarsvegar á áhættumati innri endurskoðunar (sem m.a. er notað til að forgangsraða verkefnum og umfangi þeirra) og hinsvegar ábyrgð stjórnenda á gerð áhættumats, framkvæmd áhættustýringar og virkni innra eftirlits. Ákvæði þessarar greinar eru a.m.k. að hluta til innifalin í undirgreinum í lið 6.7
67	Viðlagatrygging Íslands	6.5	Í stað "ætti" komi "skal".
68	Vátryggingafélag Íslands hf.	6.5	Síðasta línan - er ekki átt við ..veikleika í eftirlitsferlum og upplýsingakerfum félagsins?]
69	Viðlagatrygging Íslands	6.6	Innri endurskoðun ætti ekki að þurfa að funda reglulega með stjórn ef að meginsamskiptin eru við endurskoðunarnefnd. Nægilegt ætti að vera að IE leggi fram skýrslu til stjórnar við skýrsluskil og fylgi þeim eftir sbr. lið 7.1.
70	Félag um innri endurskoðun	6.6	Engar athugasemdir - sjá staðal 2060.

71	Okkar líftryggingar	6.6	Innri endurskoðun ætti að funda "reglulega" með stjórn. Hvað er átt við með reglulega. Starfstími endurskoðunar hvers félags spannar ekki nema hluta úr ári. Væri ekki eðlilegra að orða með þeim hætti að stjórn, forstjóri og endurskoðunrnefnd þurfi að upplýsa þessa aðila, eins oft og þurfa þyrkir. Hægt að skila t.d. reglulega stöðuyfirliti án þess að þörf sé á fisiskum fundi.
72	Félag um innri endurskoðun	6.7	Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við einstaka efnispætti (sjá þó 6.7.14), en minnt á að innri endurskoðun ber að beita áhættumiðaðri endurskoðunaráætlun í störfum sínum. Upptalning sem þessi er í raun nokkurs konar gátlisti, sem getur hæglega verið á skjön við áherslur í áhættumiðaðri áætlun.
73	Deloitte	6.7	Hér ætti að vera tilvísun í áhættumat innri endurskoðanda þar sem ekki er víst að öll þau atriði sem talin eru upp í lið 6.7.1 - 6.7.14. skori hátt í áhættumati innri endurskoðanda ár hvert, sbr. 6.3. Innri endurskoðandi þarf að forgangsraða sbr. þær auðlindir sem hann hefur og þar af leiðandi er ekki víst að öllum liðum 6.7.1-14 verði gerð ítarleg skil árlega.
74	Félag um innri endurskoðun	6.7.14	Töluliður 6.7.14 er í raun endurtekinn með öðru orðalagi í greinum 6.9 og 7.4 (nokkurs konar þrítekning).
75	Félag um innri endurskoðun	6.8	Ekki efnislegar athugasemdir, en um þetta er fjallað í stöðlum 1310 - 1320.
76	Félag um innri endurskoðun	6.9	Ekki efnislegar athugasemdir, sjá þó staðla 2500 og 2600. Þetta efnisatriði er þó raunar þrítekið (tl. 6.7.14, 6.9 og 7.4)
77	Félag um innri endurskoðun	7.1	Ekki efnislegar athugasemdir að öðru leyti en því að árleg skýrslugjöf sé líklega ekki líkleg til að leiða til hraðra úrbóta. Sjá einnig staðal 2060.
78	Félag um innri endurskoðun	7.2	Ekki efnislegar athugasemdir að öðru leyti en því að árleg skýrslugjöf sé líklega ekki líkleg til að leiða til hraðra úrbóta. Sjá einnig staðla 2060 og 2410.
79	Arion banki	7.2	Bent er á setningu sem byrjar á "Jafnframt ætti skýrslan að innihalda tillögur um hvernig ráða megi bót á vanköntum....." gengur þvert á skilgreint hlutverk innri endurskoðunar sem er að leggja mat á virkni innra eftirlits sbr. t.d. 1.2. Framkvæmd innra eftirlits er á ábyrgð stjórnenda. Miðað við orðalag í umræðuskjalinu ætti innri endurskoðun að koma með tillögur að úrbótum og myndi þar af leiðandi síðar endurskoða virkni eigin tillagna. Hér er gengið þvert á óhæði innri endurskoðunar og opnar fyrir hagsmunaárekstra. Í Guidelines on System of Governance (1.73 b) kemur fram að í skýrslum innri endurskoðunar eigi að koma fram "...audit findings and recommendations....." "Audit findings" eru í þessu tilviki þau frávík sem finnast við endurskoðun en "recommendations" eru athugasemdir innri

			endurskoðunar sem gerðar eru við frávikin án þess að koma með lausn fyrir stjórnendur. Lagt er til að setningin hljóði svo: Jafnframt er lagt til að í skýrslunni séu settar fram áhættumetnar athugasemdir við frávik.....
80	Okkar líftryggingar	7.2	Þar kemur fram að í skýrslu innri endurskoðunar ætti að koma fram tillögur um hvernig ráða megi bót á vanköntum.....Þvert á það sem almennt tíðkast í innri endurskoðun. Veldur hagsmunaárekstrum hjá innri endurskoðun. Ef þessu er framfylgt væri það hlutverk innri endurskoðunar að gera tillögur að því hvernig t.d. ferlum eða verklagi er breytt en svo endurskoða verkferlið síðar. Vísað er í ákvæði 37 d lið í Guidelines on System of Governance, þar er notað orðalagið recommendations og er því of langt gengið að segja "tillögur um lausn" frekar mætti hugsa sér orðalag mælt með að þetta og hitt sé skoðað eða bent á að það þurfi að lagfæra en ekki nákvæmlega hvernig það er svo gert. Sjá einnig athugasemd við 3.5.
81	Vátryggingafélag Íslands hf.	7.3	[Legg til að í fyrstu línu verið talað um "athugasemdir" frekar en "áhyggjur"
82	Deloitte	7.3	"athugasemdir" frekar en "áhyggjur"
83	Félag um innri endurskoðun	7.3	Ekki efnislegar athugasemdir, en þó gæti verið ástæða til að krefjast fullnægjandi skjölunar á umfjöllun (s.s. í fundargerðum).
84	Félag um innri endurskoðun	7.4	Ekki efnislegar athugasemdir, sjá þó staðla 2500 og 2600. Þetta efnisatriði er þó raunar þrítekið (tl. 6.7.14, 6.9 og 7.4)
85	Okkar líftryggingar	7.4	Ný krafa um eftirfylgnimat. Hingað til hafa félögin sjálf séð um þetta.
86	Viðlagatrygging Íslands	7.5	Í þeim tilvikum sem IE er útvistað er venjulega um að ræða árlega úttekt. Sameina ætti grein 7.1 og 7.5 þar sem fram kemur að skýrsla skuli lögð fram í stjórn og þar skuli athugasemdirnar teknar sérstaklega fyrir og færa til bókar. Lagt er til að liður 7.5 falli niður og verði efnislega felldur inn í lið 7.1.

87	Vátryggingafélag Íslands hf.	7.5	Legg til að síðasta setning greinarinnar hljóði svo: " Forstöðumaður innri endurskoðunar ætti að hafa rétt til setu á stjórnarfundum og fundum endurskoðunarnefndar þar sem athugasemdir hans eru á dagskrá".]
88	Félag um innri endurskoðun	8.1	Engar athugasemdir - sjá þó staðal nr. 2050.
89	Vátryggingafélag Íslands hf.	8.1	Legg til að síðari setning greinarinnar hljóði svo: " Því skal ytri endurskoðandi hafi aðgang að skýrslum innri endurskoðunar".]
90	Félag um innri endurskoðun	8.2	Engar athugasemdir - sjá þó staðal nr. 2050.
91	Félag um innri endurskoðun	8.3	Innri og ytri endurskoðun eru aðskildar faggreinar og hvor aðili um sig ber ólíka ábyrgð á sínum störfum. Afmörkun starfa ytri endurskoðenda er önnur en innri endurskoðunar. Í staðli 2050 er sérstaklega fjallað um ábyrgð yfirmanns innri endurskoðunar á samhæfingu starfa við aðra innri og ytri aðila sem sinna staðfestingar- og ráðgjafarverkefnum til að tryggja viðeigandi yfirferð og lágmrökun tvíverknaðar. Það er hinsvegar ljóst að við slíka samhæfingu gildir að yfirmaður innri endurskoðunar verður að ganga úr skugga um gæði vinnu viðkomandi aðila og leggja sjálfstætt mat á niðurstöður þeirra áður en hann ákveður að nýta þær sem innlegg í vinnu innri endurskoðunar. Á sama hátt meta t.d. ytri endurskoðendur sérstaklega hvort og að hve miklu leyti þeir byggja álit sitt á vinnu og niðurstöðum innri endurskoðunar. Orðalag í umræðuskjalinu ætti að endurskoða með hliðsjón af þessu.
92	Deloitte	8.3	Innri endurskoðandinn á að fullvissa sig að allir mikilvægir og áhættusamir þættir séu skoðaðir og þar getur hann tekið tillit til þess að ytri endurskoðandi hafi farið vel yfir ákveðna liði en innri endurskoðandinn þarf að leggja sjálfstætt mat á að yfirferð ytri endurskoðandans sé nægjanleg yfirferð að hans mati og í samræmi við hans áherslur. Þetta atriði þarf að koma skýrar fram í orðalaginu í 8.3.
93	Deloitte	9.1	Hér ætti að koma fram að það er stjórn sem ber ábyrgð á virkni innri endurskoðunar þó að það sé endurskoðunarnefnd sem undirnefnd stjórnar sem hafi eftirlit með innri endurskoðun.
94	Félag um innri endurskoðun	9.1	Engar athugasemdir aðrar en að stjórn ber ávallt hina endanlegu ábyrgð á virkni innri endurskoðunar. Það kann því að skipta máli með hvaða hætti endurskoðunarnefnd er samsett með hliðsjón af tengslum hennar við stjórn.

95	Félag um innri endurskoðun	9.2	Engar athugasemdir - sjá þó orðalag í gr. 7.1 í umræðuskjalinu, sem er mun meira afgerandi varðandi afhendingu skýrslu og kynningu fyrir stjórn og endurskoðunarnefnd (a.m.k. árlega).
96	Viðlagatrygging Íslands	9.2	Hér vantar frekari upplýsingar um samskipti Endurskoðunarnefndar og IE. T.d. að endurskoðunarnefnd yfirfari áhættumiðaða endurskoðunaráætlun og staðfesti hana auk þess að hitta innri endurskoðanda þegar hann kynnir niðurstöður úttekta.
97	Viðlagatrygging Íslands	10.3	Ef breyting verður á endurskoðunarfyrirtæki í aðkeypri innri endurskoðunarþjónustu ætti að tilkynna það með sama hætti og ef breyting verður á stjórnanda í innri endurskoðunardeild.
98	Deloitte	11.1	Deloitte telur að vísa ætti með mun meira afgerandi hætti í alþjóðlega staðla um innri endurskoðun, sjá almenna umsögn fremst.
99	Deloitte	11.2	sjá 11.1.
100	Félag um innri endurskoðun	11.2	<p>Félag um innri endurskoðun telur að rétt sé að gera skýrari kröfur um að alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun sé fylgt og vísa til þeirra með meira afgerandi hætti. Megintilvísun verði því í "alþjóðlega staðla og siðareglur um innri endurskoðun, sem gefnir eru út af alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (The Institute of Internal Auditors)." Vakin er athygli á því að staðlarnir eru fánlegir í íslenskri þýðingu hjá Félagi um innri endurskoðun og á heimasíðu alþjóðasamtakanna.</p> <p>ISACA gefur ekki út staðla um innri endurskoðun, heldur hafa samtökin staðið að útgáfu viðmiða (eða "ramma") fyrir endurskoðun upplýsingakerfa (COBIT). Fleiri viðmið eru notuð við skipulagningu og framkvæmd innri endurskoðunar, svo sem COSO, en alþjóðasamtök innri endurskoðenda eiga m.a. aðild að þeirri útgáfu. Að mati Félags um innri endurskoðun falla þessi viðmið ekki undir staðla um innri endurskoðun, þótt þau séu líkt og margar aðrar leiðbeiningar og hjálpargögn) mikilvægur stuðningur við framkvæmd úttekta. Alþjóðlegu staðlarnir taka hinsvegar á helstu atriðum er varða fyrirkomulag og framkvæmd innri endurskoðunar án tillits til þess hvert viðfangsefnið er hverju sinni.</p>